

Hverfisráð Raufarhafnar

Fundur haldinn í Ráðhúsinu 4. mars 2019 kl. 17:00

Mætt voru Gísli Þór Briem, Ingibjörg Hanna Sigurðardóttir, Lukasz Koslowski, María Peters Sveinsdóttir og Nanna Steina Höskuldsdóttir.

Gísli Þór Briem stjórnaði fundi og María Peters Sveinsdóttir ritaði fundargerð.

Óskar Óskarsson verkstjóri í áhaldahúsi Raufarhafnar kom á fundinn að beiðni hverfisráðs til að ræða ástand húseigna sem voru til umræðu á fundinum.

Skipulags- og framkvæmdaráð í stjórnslu Norðurþings segir í fundargerð frá 8. janúar 2019:

“Fyrir skipulags- og framkvæmdaráði liggur minnisblað um ástand fasteigna Norðurþings á Lindarholti, Raufarhöfn. Taka þarf ákvörðun um framtíð þessara eigna.

Skipulags- og framkvæmdaráð frestar afgreiðslu málsins.


Ráðið felur framkvæmdafulltrúa að óska eftir álitum hverfisráðs Raufarhafnar um sölu íbúðahúsnæðis í eigu sveitarfélagsins á Raufarhöfn”

- Hverfisráð Raufarhafnar sér ekkert því til fyrirstöðu að Norðurþing auglýsi 2-3 hús í sinni eigu til sölu á Raufarhöfn. Hverfisráð ályktar jafnframt að Norðurþing ætti að halda 1-2 eignum á sínum vegum.
- Hverfisráð Raufarhafnar vill koma á framfæri kvörtun vegna ástands á sorpsvæði þorpsins. Hverfisráð telur að merkingum á gámum sé verulega ábótavant og kallar eftir skýrum merkingum á gámum á fleri tungumálum, s.s. ensku og pólsku.
- Til að koma í veg fyrir áframhaldandi ástand á gámasvæðinu hvetur hverfisráð sveitarfélagið til að hafa starfsmann á gámasvæðinu á Raufarhöfn og stýra þar með opnunartímum á svæðinu.

Nanna Steina Höskuldsdóttir kynnti fyrir hverfisráði framkvæmdaráætlun fyrir árið 2019 á Raufarhöfn.

- Hverfisráð lýsir ánægju sinni með að tekið hafi verið tillit til óska ráðsins
- Hverfisráð leggur áherslu á að verkefni ársins 2019 verði unnin af heimamönnum eins og kostur er.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 18:30


Nanna Steina Höskuldsdóttir
